

Skipulagsstofnun  
Rut Kristinsdóttir  
Laugavegi 166  
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 25. júní 2009  
Tilvísun: UST20090600015/óaj

## Lagning ferðamannavegar við Gunnuhver á Reykjanesi í Reykjanesbæ og Grindavíkurbæ.

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 29. maí sl. þar sem óskað er umsögn Umhverfisstofnunar um matsskyldu ofangreindrar framkvæmdar skv. 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

Samkvæmt erindinu er áformað að leggja veg milli hverasvæðisins við Gunnuhver út eftir fyrirstöðu Gráalónsins og út á Reykjanesveg nr. 443. Fram kemur að framkvæmdaraðili telji nauðsynlegt að ráðast í þessa framkvæmd annars vegar vegna þess að vegurinn, sem áður lá um hverasvæðið, er ófær vegna hveravirkni og hins vegar vegna þeirrar hættu sem ferðamönnum getur stafað af því að aka inn á svæðið eða of nærri því.

Fyrirhugaður vegur er utan skilgreinds iðnaðarsvæðis á Reykjanesi og gerir gildandi deiliskipulag ekki ráð fyrir þessum vegi. Vegstæðið sem um ræðir er innan svæðis á náttúruminjaskrá, Reykjanes, Eldvörp og Hafnaberg og er svæðinu lýst á eftirfarandi hátt í skránni: „Reykjanesið er framhald Reykjanes hryggjarins á landi. Stórbrotin jarðfræði, m.a. gígaraðirnar Elvörp og Stampar, dyngjarnar Skálafell, Háleyjabunga og Sandfellshæð, ásamt fjölda gjáa sprungna og hrauntjarna. Allmikið hverasvæði, fjölskrúðugur jarðhitagróður, sérstæð volg sjávartjörn. Hafnaberg er lágt fuglabjarg með fjölmörgum tegundum bjargfugla. Aðgengilegur staður til fuglaskoðunar“.

Umrætt svæði er í jaðri iðnaðarsvæðis á Reykjanesi þar sem ummerki mannsins eru mikil. Fyrirhugað vegstæði er að stærstum hluta á röskuðu svæði. Að mati Umhverfisstofnunar eru ekki líkur á að veglagninging hafi mikil áhrif á fuglalíf. Að framansögðu er það álit Umhverfisstofnunar að lagning ferðamannavegar við Gunnuhver á Reykjanesi, eins og framkvæmdinni er lýst í erindinu, sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif.

Virðingarfyllst

Ólafur A. Jónsson  
Deildarstjóri

Hjalti J. Guðmundsson  
Sviðsstjóri